



Fundargerð hverfisráð dreifbýlis

6. fundur í hverfisráði dreifbýlis, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, þriðjudaginn 26. janúar 2021. Fundur hófst kl. 12:00.

Mættir: Steinunn Anna Halldórsdóttir, Þórður Úlfarsson og Kristinn Lárusson, Jónas Egilsson sveitarstjóri og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá

1. Fjallaskálar

Lögð fram tillaga um að sameina Kverkártunguskála og Miðfjarðarheiðarskála í einn skála sem næst núverandi skála í Kverkártungu.

Þórður Úlfarsson lagði fram svohljóðandi bókun:

- 1) Að fjallaskálinn verði fyrir alla en ekki eingöngu fyrir bændur
- 2) Ekki tilbúinn að skuldbinda bændur vegna framkvæmda.
- 3) Nýta verktaka sem verða við vinnu við veginn til að koma efni að fjallaskálum.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að kynna málið fyrir landeigendum.

Áætluð fjárþörf í verkefnið eru 4 milljónir.

Meira ekki gert og fundi frestað klukkan 13:00 til fimmtudagsins 28 janúar kl. 12:00.

Fundi framhaldið fimmtudaginn 28. janúar kl. 12.

Fundarmenn þeir sömu, nema að Jóhannes Ingi Árnason mætti á fundinn í stað Þórðar, Úlfarssonar.

2. Ónýtar girðingar og hættuleg eyðibýli [05\) Ónýtar girðingar.Skoðun haustið 2020_niðurstöður.pdf](#)

Lögð var fram samantekt um ónýtar girðingar á Langanesi utan Brekkaheiðar. Erindið var lagt fram í byggðaráði 14. janúar sl., en sveitarstjórn hefur áður ákveðið að framfylgja ákvæðum 2. mgr. 12. gr. girðingarlaga nr. 135/2001 um hreinsun.



3. Hugmyndir um friðlýsingu Langaness, sjá skýrslu hér:

https://www.langanesbyggd.is/static/files/Umhverfismal/langanes_fridlysingakostir.pdf

Umræður um samantekt um friðunarmöguleika.

4. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið kl. 13:00